


Ráeyri ⁽¹⁾

Bær sá hefir nafn fengið af eyrantanga allstórum er að austan gengur fram í Siglufjörð, nálega innst og þegar á fyrstu tíð nefnst Ráeyri (2). Stóð bærinn nokkuð upp frá eyrinni og féll Ráeyrará (3) neðan hans, milli bæjar og eyrar, beint út til sjávar, úr dal þeim er hér gengur suður í fjöllin og einnig nefndist Ráeyrardalur (4) mun hann og allur hafa tilheyrt Ráeyri hinar fyrstu aldir. Mun hér og hafa verið eitt af helstu býlum fjarðarins og vafalaust fornþýli; þótt engin sjáist nú þess merki, því hinn 2. eða 3. febr. 1830 féll hér skriða mikil úr suðurbrún Skollaskálar og haldi hún landspildu um ... metra breiða, þvert yfir undirlendi allt að sjó, varð bærinn í henni miðri og huldust þar mannvirki öll að mestu, tún og allt engi mikið og gott, fórst þar búfénaður nokkur og kona ein öldruð, en annað fólk gat undan flúið.



Ráeyri

Hefir byggð þessi öll verið á melhæð nokkurri og bærinn fremst á höfða melsins er nefnist Ráeyrarhóll (5) en svo hefir þar um sorfist að aðeins sjást lautir litlar þar vitað er að bærinn hefir verið. Hulinn er og að mestu lækur er féll norðan melsins og nefnst mun hafa Ráeyrarlækur (6). Skriðan fyllti og farveg árinna og tók allt ofan um

eyrina, svo aðeins sést fremsta horn hennar og Ráeyrarhólmi (7) sem framan við hana er. Eyddi hún að fullu helstu verstöð fjarðarbúa og uppsátur, sem norðan var á eyrinni, en áin gróf nýjan farveg þvert vestur sunnan skriðu og eyrar. Er skriða þessi all úfin, en nokkuð gróin og nefnd Ráeyrarskriða (8). Býli var svo reist 183.. skammt út frá skriðunni og nefnt Ráeyrarkot (9) var þar búið til 12. apríl 1919 en til þess náði suðurjaðar hins mikla snjóflóðs sem getið hefur verið. Fórst bærinn en menn náðust með lífi, hefir byggð ekki verið þar síðan. Þar hafði og litlu neðar verið húsmannsbýli um stund, en áður komið í eyði nefndist það Smíðjugerði (10). Tómthúsbyli hafði og reist verið út og niður við víkina norðan eyrar, stóð það fast við fjöru og nefndist Bakki (11) fórst það að fullu ásamt 4 mönnum í flóðinu 1919.




Horft til austurs frá Hvanneyrarskál

Annað slíkt býli hafði og verið nokkur ár áður (1866-72?) nokkuð sunnar og vestar í jaðri skriðunnar, nefnt Skriðukot (12). Út frá því var og um stund uppsátur hákarlaskipa, einnig frá Siglunesi sjást þar tóftir af hjalli og búð er nefndist Nesbúð (13). Þá voru og eftir 1900 reist tómthúsbyli 2 sunnanvert á skriðunni annað all neðarlega nefnt Landamót (14) og stóð litla hríð hitt nokkuð ofar nefnt Árbakki (15) einnig löngu horfið býli var og reist af sama manni ofan við árkrókinn í mýri út frá Skútustöðum, er einnig nefndist Árbakki (16) stóð fá ár. Sér enn nokkrar leifar allra þessara byggða og ýmsra annarra, einkum neðst á skriðunni. Lítið út frá Ráeyrarkoti

og því minna utan Bakka, fellur Naustaá (17) til sjávar, kemur syðst úr Skollaskál. Utan hennar hafa uppsátur verið eftir að Skriðan féll er þar sem túnblettur næst henni og nefnist Naustatún (18) tóftir eru þar 6 nú nefndar Höskuldartóftir (19) kenndar við Höskuld Jónsson er byggði Ráeyrarkot og áður var í Grundarkoti. Þar litlu utar á bökkunum eru 3 tóftir litlar var þar Hólsbúð (20) er þá nær komið Merkjälæk áðurnefndum. eru hér engi slétt og grösug allt neðan hliðar og ekki ólíklegt að býlið Ráeyrartunga (21) sem getið er 1829 og verið hefur út eða niður frá Ráeyri hafi hér verið, yst í landinu, í tungu þessari milli ár og lækjar og séu tóftir þess á meðal hinna 6 á Naustatúni. Hefir hér þá byggt Jón Austri er áður byggði á Selnesi en búíð hér skammt því 1831 er hann húsmaður í kaupúninu og drukknar það ár í fiskiróðri með 4 mönnum öðrum. Höskuldur gat og átt hér einhver hús síðar. Upp frá Ráeyrarkoti nefndust hinar sléttu grundir Hólavöllur (22) og hóll lítill ofarlega á þeim Búmannshóll (23).

Ekki langt frá Ráeyri var hjáleigubýli reist fyrir, eða litlu eftir 1600 stóð það nær yst í Ráeyrardal, austan ár og nefndist Skútustaðir (24) fór það í auðn 1694 en var byggt að nýju 183.. Þá Ráeyri hafði eyðst hefir það síðan í ábúð haldist og verið aðalbýlið frá 1922. Bærinn stendur á allháum melhöfða fram við ána er nefnist Bæjarhóll (25) neðan í honum er uppspretta nefnd Bæjarlind (26) sunnan í honum Álagablettur (27) upp frá bæ Kvíahóll (28) en ofar í hlið fjallsins Skútustaðabrúnir (29).



Hólsdalur og fjöllin vestan hans

Stafrófsröð örnefna Ráeyri

- A -

Álagablettur 27
Árbakki 16
Árbakki 15

- B -

Bakki 11
Búmannshóll 23
Bæjarhóll 25
Bæjarlind 26

- H -

Hólavöllur 22
Hólsbúð 20
Höskuldartóftir 19

- K -

Kvíahóll 28

- L -

Landamót 14

- N -

Naustaá 17
Naustatún 18
Nesbúð 13

- R -

Ráeyrará 3
Ráeyrardalur 4
Ráeyrarhóll 5

Ráeyrarhólmi 7
Ráeyrarkot 9
Ráeyrarlækur 6
Ráeyrarskriða 8
Ráeyrartunga 21
Ráeyri 2
Ráeyri 1

- S -

Skriðukot 12
Skútustaðabrúnir 29
Skútustaðir 24
Smíðjugerði 10



Ráeyrarskriða